

Skipulagsstofnun
Inga Birna Ólafsdóttir,
sérfræðingur
Laugavegi 166
150 REYKJAVÍK

Garðabær, 04. ágúst 2016
2016070006/42-8
TB
tb

Matsáætlun fyrir allt að 4.000 tonna ársframleiðslu á laxi í sjókvíum í Fáskrúðsfirði og 5.000 tonna ársframleiðsla í Berufirði á vegum Lax fiskeldis ehf. - umsögn

Vísað er til tveggja bréfa frá Skipulagsstofnun bæði dagsett 5. júlí sl. þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um matsáætlun fyrir annars vegar allt að 4.000 tonna ársframleiðslu á laxi í sjókvíum í Fáskrúðsfirði og hins vegar á allt að 5.000 tonna ársframleiðslu á laxi í sjókvíum í Berufirði báðar á vegum Lax fiskeldis ehf. Þar sem báðar þessar framkvæmdir eru á vegum sama fyrirtækis, hafa „svipað“ framleiðslumagn (þó þar muni töluverðu) og um er að ræða samskonar laxeldi við svipaðar aðstæður hefur Náttúrufræðistofnun ákveðið að gefa eina umsögn þar sem niðurstaða stofnunarinnar um báðar matsáætlanir er sú sama.

Náttúrufræðistofnun telur að framkomnar matsáætlanir geri ágætlega og nægjanlega grein fyrir þeim þáttum í náttúrunni/umhverfinu sem þarf að fjalla um í mati á umhverfisáhrifum framangreindra framkvæmda.

Náttúrufræðistofnun vill koma eftirfarandi á framfæri. Að mati stofnunarinnar er matsáætlun ekki vettvangur til að meta umhverfisáhrif og taka afstöðu til þeirra heldur á matsáætlun að lýsa þeim þáttum í náttúrunni/umhverfinu sem þarf að fjalla um í matsskýrslu, m.t.t. eiginleika framkvæmdarinnar, þ.e. hvaða umhverfisáhrif séu líkleg og hvaða þætti/mótvægisáðgerðir þarf að fjalla um og hvort og þá hvernig sé hægt að bregðast við neikvæðum umhverfisáhrifum. Matsáætlun á einnig að gera grein fyrir nauðsynlegum rannsóknum og vöktun sem ráðgert er að fara í, eða eru til staðar, og leggja á til grundvallar væntanlegu mati. Þar sem rannsóknagögn eru ekki birt í matsáætlun er það fyrst í frummatsskýrslu að hægt er að leggja mat á það hvort framkomin sjónarmið framkvæmdaraðila, í matsáætlun, um gæði gagna og rannsókna séu nægjanleg eða ekki miðað við viðkomandi framkvæmd. Á þetta er bent því í framangreindum matsáætlunum ber nokkuð á ýmsum fullyrðingum um væntanleg umhverfisáhrif, eða afstöðu framkvæmdaraðila til



þeirra, án þess þó að fullnaðar upplýsingar/rökstuðningur fylgi og/eða að það vantar tilvísun í þau rannsóknagögn sem styðja viðkomandi fullyrðingar. T.d. eru ýmsar vangaveltur um fjarlægð milli kvía, smithættu og þéttleika en t.d. liggur burðarþol ekki fyrir (eins og kemur fram í matsáætluninni) og höfundar matsáætlanna segja t.d., sjá bls. 24 (Fáskrúðsfjarðaráætlun) og 25 (Berufjarðaráætlun), að engar vísindalegar niðurstöður sýni að æskilegra sé að hafa þéttleika í kvíum 10kg/m^3 frekar en 25kg/m^3 en samt gerir framkvæmdaraðili ráð fyrir fiskeldi með „mikinn“ þéttleika. Náttúrufræðistofnun spyr þá hvort vísindaleg rök séu fyrir því að betra sé að hafa þéttleikann 25kg/m^3 ? Þetta er gott dæmi um niðurstöður sem frekar á að fjalla um ítarlega í matsskýrslu, sem verður væntanlega gert, þar sem öll gögn eru lögð fram þó gert sé grein fyrir þessu í matsáætluninni.

Fullyrðingar í matsáætlun, um hver endanleg umhverfisáhrif verða, áður en búið er að leggja fram öll gögn, rýra í sjálfu sér ekki endilega gildi matsáætlunar en gerir hana ómarkvissari og gefur tilefni til þeirrar gagnrýni að framkvæmdaraðili hafi fyrirfram gefnar skoðanir á hver umhverfisáhrifin verða án tillits til vísindalegra gagna/niðurstaðna og það á röngum stað í matsferlinu þar sem farið er inn á hlutverk sjálfrar matsskýrslunnar.

Með framangreint í huga vill Náttúrufræðistofnun benda á tvær greinar í lögum um náttúruvernd nr. 60/2013 en þær eru eftirfarandi:

8. gr. Vísindalegur grundvöllur ákvarðanatöku.

Ákvarðanir stjórnvalda sem varða náttúruna skulu eins og kostur er byggjast á vísindalegri þekkingu á verndarstöðu og stofnstærð tegunda, útbreiðslu og verndarstöðu vistgerða og vistkerfa og jarðfræði landsins. Þá skal og tekið mið af því hver áhrif ákvörðunarinnar muni verða á þessa þætti. Krafan um þekkingu skal vera í samræmi við eðli ákvörðunar og væntanleg áhrif hennar á náttúruna.

9. gr. Varúðarregla.

[Þegar tekin er ákvörðun á grundvelli laga þessara, án þess að fyrir liggi með nægilegri vissu hvaða áhrif hún hefur á náttúruna, skal leitast við að koma í veg fyrir mögulegt og verulegt tjón á náttúruverðmætum.]¹⁾ Ef hætta er á alvarlegum eða óafturkræfum náttúruspjöllum skal skorti á vísindalegri þekkingu ekki beitt sem rökum til að fresta eða láta hjá líða að grípa til skilvirkra aðgerða sem geta komið í veg fyrir spjöllin eða dregið úr þeim.

Virðingarfyllst



Trausti Baldursson
forstöðumaður Vistfræði- og ráðgjafadeildar

